

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. maí 1980 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvammstanga.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammstangahrepps og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur fyrir Hvammstanga sem ráðuneytið staðfesti þann 13. janúar 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. júní 1980.

Nr. 287.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 392 29. október 1976 um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.**

4. gr. orðist svo:

„Gjöld samkvæmt 3. gr. breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar sem gefin er út af Hagstofu Íslands.“

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. maí 1980.

Nr. 288.

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi nr. 396 4. september 1975.**

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir, hinir sömu og af lánum Byggðasjóðs á hverjum tíma, nú 22% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 169 13. mars 1980, um bann við togveiðum á Strandagrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um varnir gegn hundæði (rabies).

1. gr.

Til þess að forðast að hundæði berist til Íslands, er bannað að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu og heimilað, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð dýr að loknum ákveðnum einangrunartíma.

Setja skal reglur í hvert sinn, er öruggar séu til varnar því, að sjúkdómar berist með dýrum þeim, sem innflutningur er leyfður á.

2. gr.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir. Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, varðar það sektum fyrir eiganda dýranna, svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra á farartæki því, er dýrin flutti, ef ætla má að dýrin séu flutt með hans vitund.